

1854.
31. desemb.

25. Brjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamtmannsins um sölu á rekartinum Kóngsvík.

Eptir uppástungu stjórnarinnar hefur Hans Hátign konungurinn 4. þessa mánaðar allramildlegast fallizt á: að selja megi bóndanum Jóni Magnússyni rekartinn Kóngsvík í Örfæfum í Skaptafellssýslu í suðurumdæmi Íslands, fyrir kaupverð það, er hann hefur boðið, 122 rdi, með þeim skildaga, að hann borgi þetta verð í peningum í jarðabókarsjóðinn á Íslandi, og að öðru leyti með þeim skilmálum, er til voru greindir, þegar rekarturinn var boðinn upp.